**SKYLMINGASAMBAND ÍSLANDS**

*Engjavegi 6, 104 Reykjavík, Ísland*

*www.skylmingar.is*

Reykjavík, 21. desember 2023

## Efni: Íþróttamaður og íþróttakona Skylmingasambands Íslands árið 2022

### Skylmingamaður ársins er Andri Nikolaysson Mateev, Skylmingafélagi Reykjavíkur



**Andri Nikolaysson Mateev** er Skylmingamaður ársins í áttunda sinn.
Hann var lykilmaður okkar í karlalandsliðinu sem varð í 12 sæti á Evrópuleikunum og Evrópumeistaramótinu 2023.
Andri hafnaði í 55 sæti af 200 keppendum á Heimsmeistaramótinu í Milan og er þetta besti árangur karla í íslenskum skylmingum á HM.
Andri Nikolaysson er fluttur til Sofíu, í Búlgaríu og er að æfa með Ólympíuhópnum þar. Hans aðalmarkmið er að ná þátttökurétti á leikunum og leggur hann mikið á sig í að keppa í París árið 2024.




**SKYLMINGAFJÖLSKYLDAN**

**SKYLMINGASAMBAND ÍSLANDS**
*Engjavegi 6, 104 Reykjavík, Ísland*
[www.skylmingar.is](http://www.skylmingar.is)

## Skylmingakona ársins er Anna Edda Gunnarsdóttir Smith, Skylmingadeild FH

Þetta er í þriðja skiptið sem **Anna Edda Gunnarsdóttir Smith** hlýtur verðlaun fyrir Skylmingakonu ársins.
Hún fékk gullverðlaun í keppni kvenna með höggsverði á Reykjavíkurleikunum í byrjun árs 2023.
Anna Edda tók þátt í sínu fyrsta heimsmeistaramóti þegar hún keppti fyrir Íslands hönd í skylmingum með höggsverði á HM 2023 í Plovdiv í Búlgaríu.
Hún er án efa ein efnilegasta skylmingakona Íslands og hefur mikla möguleika í að ná langt í framtíðinni.






**SKYLMINGAFJÖLSKYLDAN**

ICELANDAIR

World Class ICELAND

V. Etropolski FENCING ACADEMY